



---

# Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2006



**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 11.2 stig, 4. janúar. Lágmarkshiti mældist -11.0 stig, 10. janúar. Meðalhiti í janúar var 0.12 stig. Meðalsnjódýpt í janúar var 13 cm., mest 17 cm. 20. janúar. Úrkoma í janúar var 37.8 mm, mest 7.3 mm, 20. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 7.7 hnútar.

**Í febrúar** var sunnanátt algengust. Hámarkshiti mældist 10.5 stig, 21. febrúar. Lágmarkshiti mældist -15.6 stig, 9. febrúar. Meðalhiti í febrúar var 0.37 stig. Meðalsnjódýpt var 18 cm, mest 20 cm 16. og 17. febrúar. Úrkoma í febrúar var 42.4 mm, mest 17.3 mm, 16. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar var 5.9 hnútar.

**Í mars** bar mest á suðaustan og norðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 12.2 stig, 17. mars. Lágmarkshiti mældist -14.7 stig, 22. mars. Meðalhiti í mars var -2.12 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 27 cm, mest 36 cm, 28. og 29. mars. Meðalvindhraði í mars voru 4.4 hnútar.

**Í apríl** voru breytilegar áttir þó mest bæri á sunnanáttum og norðanátt. Hámarkshiti mældist 14.4 stig, 28. apríl. Lágmarkshiti í apríl mældist -16.7 stig, 2. apríl. Meðalhiti í apríl var 0.63 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 40 cm, mest 62 cm, 8. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 7.5 hnútar.

Gæsir komnar 9. apríl, skógarþröstur 13. apríl, lóan 25. apríl og hrossagaukur 27. apríl. Brennisteinslykt í lofti 23. apríl, líklega frá Skaftá.

**Í maí** voru norðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 16.0 stig, 7. maí. Lágmarkshiti mældist -5.2 stig, 26. maí. Meðalhiti í maí var 3.56 stig. Meðalsnjódýpt í maí var 42 cm, mest 43 cm, 24. maí. Úrkoma í maí var 108.8 mm, mest 42.1 mm, 23 maí. Meðalvindhraði í maí voru 4.7 hnútar. Maríuerlan komin 2. maí og spóinn 6. maí. Tún farin að grænka 14. maí.

**Í júní** voru breytilegar áttir en suðaustan átt algengust. Hámarkshiti mældist 19.7 stig, 26. júní. Lágmarkshiti mældist -0.1 stig, 13. júní. Meðalhiti í júní var 9.93 stig. Úrkoma í júní var 21.9 mm, mest 6.9 mm 13. júní. Meðalvindhraði í júní voru 6.0 hnútar. Tún algræn 4. júní. Úthagi farinn að grænka 6. júní og algrænn 11. júní.

**Í júlí** bar mest á hægviðri, þó nokkuð væri um norðlægar áttir. Hámarkshiti í júlí mældist 22.0 stig, 28. júlí. Lágmarkshiti mældist -0.6 stig, 10. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.17 stig. Úrkoma í júlí var 26.0 mm, mest 4.5 mm, 2. og 22. júlí. Meðalvindhraði í júlí voru 5.3 hnútar. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 4. júlí.

**Í ágúst** bar mest á hægviðri og logni. Hámarkshiti í ágúst mældist 22.9 stig, 3. ágúst, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist 1.9 stig, 16. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 10.36 stig. Úrkoma í ágúst var 74.8 mm, mest 18.1 mm, 31. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 3.4 hnútar.

**Í september** bar mest á hægviðri og austlægum áttum. Hámarkshiti í september mældist 16.6 stig, 14. september. Lágmarkshiti mældist -2.8 stig, 26. september. Meðalhiti í september var 7.01 stig. Úrkoma í september var 85.9 mm, mest 32.4 mm, 2. september. Meðalvindhraði í september voru 4.6 hnútar. Úthagi farinn að sólna 16. september.

**Í október** bar mest á austlægum áttum. Hámarkshiti í október mældist 13.0 stig, 13. október. Lágmarkshiti mældist -12.1 stig, 31. október. Meðalhiti í október var 1.77 stig. Úrkoma í október var 102.7 mm, mest 22.8 mm, 26. október. Snjór mældist í 16 daga í október. Meðalsnjódýpt var 29 cm, mest 36 cm, 26. október. Meðalvindhraði í október voru 4.4 hnútar. Gránaði í fjöll 7. október.

**Í nóvember** voru norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti í nóvember mældist 10.2 stig, 5. nóvember. Lágmarkshiti mældist -19.5 stig, 19. nóvember, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í nóvember var -2.83 stig. Úrkoma í nóvember var 129.5 mm, mest 28.8 mm, 29. nóvember. Meðalsnjódýpt var 36 cm, mest 48 cm, 17. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember voru 5.4 hnútar.



**Í desember** voru breytilegar áttir, þó nokkuð bæri á suðlægum áttum. Hámarkshiti í desember mældist 11.0 stig, 24. desember. Lágmarkshiti mældist -13.8 stig, 16. desember. Meðalhiti í desember var 0.51 stig. Úrkoma í desember var 94.7 mm, mest 18.5 mm 8. desember. Meðalsnjódýpt í desember var 44 cm, mest 63 cm, 16. desember. Meðalvindhraði í desember voru 6.5 hnútar. Glitský sást á himni 2. desember.



## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2006

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	0,12	( -1,89)	37,8	( 95,0)
Febrúar	0,37	( -1,11)	42,4	( 18,7)
Mars	-2,12	( 0,57)	75,9	( 55,7)
Apríl	0,63	( 1,49)	55,0	( 61,0)
Maí	3,56	( 3,54)	108,8	( 21,2)
Júní	9,93	( 8,98)	21,9	( 37,3)
Júlí	10,17	(11,69)	26,0	( 58,4)
Ágúst	10,36	( 7,89)	74,8	(101,4)
Sept.	7,01	( 3,04)	85,9	(142,2)
Okt.	1,77	( -0,62)	102,7	(111,1)
Nóv.	-2,83	( -2,60)	129,5	( 68,2)
Des.	0,51	( -0,52)	94,7	( 34,3)
	<b>3,29</b>	<b>( 2,54)</b>	<b>855,4</b>	<b>(804,5)</b>

### Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2005



### 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 9,37 stig, en var 7,9 stig sömu mánuði 2005.

### 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

11/5	-5,6	20/5	-3,5	27/5	-1,9
12/5	-4,9	21/5	-5,7	29/5	-3,4
13/5	-5,7	22/5	-6,0	4/6	-1,3
14/5	-6,3	23/5	-1,1	9/6	-0,5
15/5	-0,3	24/5	-1,1	13/6	-0,4
16/5	-2,9	25/5	-2,5	24/6	-0,6
17/5	-3,5	26/5	-5,9	10/7	-1,4
19/5	-4,7				

### 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

28/7	22,0	18/8	21,5
2/8	20,3	20/8	20,0
3/8	22,9	22/8	20,1
4/8	22,1		

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Lerki farið að grænka 10. maí og orðið algrænt 5. júní. Brum á birki farið að þrútna 10. maí, farið að grænka 3. júní og orðið allaufgað 8. júní.

Grein og grein á birki byrjuð að sölna 15. ágúst, sölnun á birki áberandi 30. ágúst.

Lauffall á birki byrjað 10. september og laufflaust að mestu 3. október. Lerki farið að fella nálar 4. október.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var mjög góður þetta ár.



### 2.3. Fræfall

Fræfall á birki var ekki mikið og litlu safnað. Frærækt í Fræhúsi á Vöglum gekk ekki vel nema á birki af Bæjarstaðakyni. Spírun á lerki var léleg en sæmileg á birki. Trén eru líklega orðin of gömul.

#### Úr skógi:

Birki Hálsmelar/Bæjarstaður 2330 gr

#### Úr fræhúsi:

Rússalerki 1325 gr

Fjallalerki 490 gr

Sifja x rússalerki 450 gr

Hálendisbirki 52 gr

Bæjarstaðabirki 3320 gr



Ágrætt lerki

### 2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki teljandi á trjágróðri. Lítið bar á maðki í birkiskógunum.

### 3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var það sama og síðasta ár. Guðni Þ. Arnþórsson var verkstjóri og aðstoðarskógarvörður, Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi, Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofustörf, bókhald, áætlunargerð ofl., Guðrún Jónsdóttir vann í frærækt, erfðaefni, veðurtöku og afgreiðslu á plöntum úr dreifingarstöð fyrir Norðurlandsskóga. Aðrir starfsmenn voru Teitur Davíðsson, Ingimundur Gunnarsson og Kristján Jónsson. Alls voru 8 á launaskrá þegar flest var. Verktakar voru fengnir til að grisja í Skuggabjargarskógi og Vöglum á Þelamörk.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 23,776,588, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 7,810,758, dagpeningar kr. 647,900, akstur kr. 337,246, ASÍ laun kr. 14,980,684.

### 4. GIRÐINGAR

#### 4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var með minna móti á árinu.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 564,103, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 402,654, alls 311 vinnustundir. Verktakar kr. 152,400. Annar kostnaður kr. 9,049.

Kostnaður við smölun var kr. 106,702, allt verktakar.

#### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári.

### 5. SKÓGARHÖGG

#### 5.1. Viður

Unnið var við skógarhögg og grisjun í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi, Sigríðastaðaskógi, Skuggabjargarskógi og Vöglum á Þelamörk.

Í Vaglaskógi var felldur birkiskermur í reitum 142, 219, 227, 248, 249, 251, 304, 307, 328A og 329. Grisjað var birki, greni fura, hvítgreni og balsamþinur.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað birki og tekinn skermur af reitum 79, 80, 81 og 85.

Einnig var grisjað birki rauðgreni og blágreni.

Í Sigríðastaðaskógi var tekinn skermur og greni og birki grisjað í reitum nr. 8, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 24, 34, 40, 47, 52, 54, og 55,

Í Skuggabjargarskógi var grisjað lerki í reitum nr. 64, 75, 93, 112, og 113, alls 4,20 ha.

Á Vöglum á Þelamörk var grisjað lerki í reitum nr. 204 og 239 (nr 22, ný númer), alls ca 1,20 ha.

Felldur viður:

Birki	ca	125	tonn
Lerki	ca	5	tonn
Greni	ca	4	tonn
Fura	ca	4	tonn

### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir ca 20 kg	4,918	pk
Arinviður litlir ca 12 kg	123	pk
Eldiviður	13	m <sup>3</sup>
Arinviður/eldiviður alls í t	102,4	tonn
Bolviður birki	0,74	m <sup>3</sup>
Borð og plankar birki	0,02	m <sup>3</sup>
Borð og plankar lerki	0,02	m <sup>3</sup>
Reykingaviður	1,554	kg
Birkikurl/flís	3,900	kg
Plattar	1,829	stk
Beðkurl .	12	m <sup>3</sup>
Viðarkol	4	kg



Arinviður pokaður

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Fura óunnið ca	5 tonn	Plattar heflað birki	1,305	stk
Greni óunnið ca	2 tonn	Plattar heflað lerki	4,011	stk
Lerki óunnið ca	3 tonn	Viðarkol	114	kg
Smíðaviður birki	277 m	Viðarkol salli	56	kg
Smíðaviður lerki	102 m	Birkikurl/flís	1,200	kg
Smíðaviður fura	42 m	Reykingarviður	535	kg
Staurar 6 fet	617 stk	Eldiviður	3	m <sup>3</sup>
Staurar 5 fet	228 stk	Beðkurl	5	m <sup>3</sup>
Arinviður stórir	350 pk			
Arinviður litlir	179 pk			



Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 6,299 og laun og launatengd gjöld kr. 7,724,424, þar af kjarasamningagjöld s.s. orlof, veikindi að aðrar samn.bundnar launabætur kr. 1,948,489 alls 1,583 vinnustundir.

## 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 3. nóvember og síðan fram að jólum, eftir þörfum. Alls voru felld 249 tré. Seld voru 205 tré, önnur fóru til starfsfólks og í úrkast.

	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap.</b>	<b>Samtals</b>
Skuggabjörg	6	89			95
Vaglir Þelam.	93	8			101
Vaglaskógur	45		8		53
<b>Alls</b>	<b>144</b>	<b>97</b>	<b>8</b>	<b>0</b>	<b>249</b>

## Seld tré

<b>Stærð</b>	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap.</b>	<b>Samtals</b>
070-100	9	7			16
101-125	10	3			13
126-150	29	22	1		52
151-175	36	26	2		64
176-200	21	15	1		37
201-250	14				14
251-300	2	1	1		4
301-400	1				1
401-500	2				2
501-600	2				2
<b>Alls</b>	<b>126</b>	<b>74</b>	<b>5</b>	<b>0</b>	<b>205</b>

Laun og launatengd gjöld v/töku og afh. jólatrjáa og greina var kr. 590,403, alls 412 vinnustundir, þar af kr. 84,193, alls 60 vinnustundir í kjarasamningagjöld.

## Tekjur skiptust þannig:

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	620.356		620.356
Greinar	48.649		48.649
<b>Samtals</b>	<b>669.005</b>		<b>669.005</b>

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ

### 6.1. Fræplöntur

Sáð var í um 25 bakka Fp40 af ýmsum tegundum, mest lerki, til eigin nota.

### 6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2006.

### 6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 49,932. Engum sumargræðlingum var stungið.

Pottaðar voru 0 plöntur

Seldar og afh. voru 260 pottaplöntur

### 6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 2313 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðinni.

Afhentar voru 9200 lerkplöntur til Landgræðslu ríkisins til uppgræðslu á Hólasandi.

Seldar fjölpottaplöntur	kr.	67,567
Mf. í eigin skóglendi	kr.	287,181
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>354,748</b>

### 6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöð og umhverfi hennar og síðustu ár.

### 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár.

## 6.8. Kostnaður

Vaglir	Kr.	Vinnust.
Afhending	19.818	18
Plöntuuppeldi almennt	181.321	123
Sáning	18.114	15
Umhirða	185.092	121
Vetrarumbúnaður	77.670	52
Prikklun	9.512	9
Kjarasamningagjöld	96.225	64
<b>Alls</b>	<b>587.752</b>	<b>402</b>

## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

Hálsmelar	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
	Aspir		Keisari		78	Reitur 652 ?
	Aspir		venjuleg		83	Reitur 652 ?
	Aspir		C 06		196	Reitur 652 ?
	Aspir		?		153	Reitur 652 ?
	Bergfura		Þingvellir		5	sami reitur
	Bergf/Dvergf				38	Reitur 587
	Dvergfura				3	og 588 syðst
	Fjallapöll				1	Reitur 587
	Grísk fura		Orvilos		14	? norður
	Grísk fura		Konitsa		14	? suður
	Ísl einir				21	Reitur 528
	Ísl einir				4	Reitur 529
	Ísl einir				19	Reitur 587
	Ísl einir				15	Reitur 588
	N-					
	Ameríkuvíðir				12	Reitur 587
	Reyniviður				11	Reitur 587
	Reyniviður				4	Reitur 588
	Reyniviður				8	Reitur 597
	Reyniviður				5	Reitur 603
	Reyniviður				8	Reitur 604
	Silfurblað				5	Reitur 530?
	Sólber		Jankisjarvii		7	Reitur 587
	Sólber		Nigra		5	Reitur 588

Trjásafn	Balsamþinur	Lámse au Claire	2	Reitur	286
	Balsamþinur	Nobby bay	3	Reitur	286
	Einir	Sandvatn	3	Reitur	286
	Einir	Fnjóskadalur	10	Reitur	286
	Fjallapinur		5	Reitur	286
	Fjallapöll		22	Reitur	286
	Glitgreni	Korsekov	1	Reitur	286
	Gráfura	Bottom Broke	2	Reitur	286
	Hvítgreni	L´AUSE aux Meadows	3	Reitur	286
	Hvítþinur		4	Reitur	286
	Japansgreni	Kozyrensk	2	Reitur	286
	Japansgreni	Hokkaido	1	Reitur	286
	Lindifurur		2	Reitur	286
	Næfurbjörk	L´ause aus Meadows	2	Reitur	286
	Omorika	Mustilla	3	Reitur	286
	Risalfviður		2	Reitur	286
	Svartgreni	Pasadena	2	Reitur	286
	Þinur	Veitchii	2	Reitur	286
	Þinur	Homolepis	2	Reitur	286
			<b>73</b>		
Vaglaskógur	Kastaníur	Tornado NY	29	Reitur	16
	Kastaníur	Krumhorn NY	30	Reitur	16
		<b>59</b>			
*Belgsármelar	Rússalerki		5580		
og					
Hólasandur	Síberíulerki		1680		
	Dahúríulerki		1440		
	Kajanderlerki		300		
			<b>9000</b>		

\* í afkvæmatilraun á Belgsármelum fóru 6.600 plöntur og 1.200 plöntur í kvæmatilraun. Einnig var gróðursett á Hólasandi 1.200 plöntur í kvæmatilraun.

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu kr. 123,895, alls 102 vinnustundir.



Sitkabastarður í Fellsskógi

## 8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Kjarrsögur	Sigríðastaðaskógur	118,146	87 tímar
	Þóðrarstaðaskógur	72,793	57 tímar
Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	38,202	28 tímar
	Kristnes	5,162	4 tímar
	Sigríðastaðaskógur	5,986	5 tímar
	Vaglaskógur	150,366	123 tímar

Í Vaglskógi var kjarrsagað úr reitum 304, 307 og 227

Í Sigríðarstaðaskógi var gerð gönguleið austur úr skógi og kjarrsagað úr vegslóðum

Í Þóðrarstaðaskógi var lagður vegslóði með Fnjóská norður eyrar

## 9. BYGGINGAR

Lagt var 3ja fasa rafmagn í Fræhús og er þá lokið við að tengja það í allar húseignir á Vöglum. Ekki voru meiri framkvæmdir við húseignir annað en eðlilegt viðhald.

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla var nokkuð þetta ár. Sett voru ámoksturstæki á Ferguson dráttarvél, sem nýtist vel við viðarvinnsluverkefni. Keyptur var nýr sláttutraktor til nota á grasflötum, trjásafni og umhverfi í gróðrarstöð. Skipt var um rekstrarleigubíl, OO-678 var skilað og DE-568 sem er af Mitsubishi L200 gerð kom í staðinn. Keyptar voru 2 nýjar kjarrsagir, Husqvarna 265RX.



## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

1/1 – 12/1	Fundur á Egilsstöðum
26/1	Fundur með fjármálastjóra vegna fjárhagsáætlunar
31/1	Fundur á Akureyri v/umhirðu og nýtingaráætl. í Vaglaskógi
9/2	Fundur á Egilsstöðum vegna fjárhagsáætlunar
10/2	Fundur í Reykjavík með viðarnýtingarnefnd
14/2	Fundur í Skúlagarði og Ídölum með NLS
20/3	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
29/3 – 31/3	Skjólbrekka Mývatnssveit vegna ráðstefnu
6/4	Fundur á Egilsstöðum v/stofnanasamnings SFR
7/4	Í Reykjavík vegna útréttinga
10/4	Fundur á Vöglum v/umhirðu- og nýtingaáætl. í Vaglaskógi
3/5	Fundur í Umhverfissráðuneyti v/Svæðisskipulags NLS
8/5	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
18/5	Fundur á Akureyri v/umhirðu- og nýtingaráætl. Vaglaskógi
29/5	Fór í Hafralækjarskóla v/Skólaverkefni
13/6	Fór í Ásbyrgi með Rúnari á samráðsfund með Þjóðgarðsverði
15/6	Aðalfundur Skf. Eyfirðinga í Grundarreit
16/6	Fór í Skagafjörð til samráðs við Garðyrkjustjóra
28/6	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
14/7 – 15/7	Fór til Reykjavíkur og sótti rekstrarleigubíl
22/8	Ráðstefna á Hallormsstað um viðarkyndingar
23/8	Fundur á Egilsstöðum um hitaveitumál á Vöglum
25/8	Ráðstefna í Hafnarfirði
26/8 – 27/8	Aðalfundur Skf. Íslands í Hafnarfirði
26/10	Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn og skógarvörðum
27/10	Fundur með þingmönnum á Egilsstöðum
29/11	Fundur á Hótel Sögu með Landbún.ráðuneyti og skógræktarverkefnum
6/12	Fundur samstarfsnefndar SFR á Egilsstöðum
15/12	100 ára afmæli Gömlu gróðrarstöðvarinnar á Akureyri

Fór eins og síðustu ár um skóglendi SR á Norðurlandi vegna eftirlits og framkvæmda.

### 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna á útivistarsvæðum í Vaglaskógi var sá mesti sem skráður hefur verið á einu sumri. Veður var mjög gott og aðstaða ferðafólks hefur verið bætt. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 17,440, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 2,350. Í júlí 8,710 og í ágúst 6,380.

Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 906,866.

Laun og launat. gjöld voru kr 246,383 alls 194 vinnustundir og þar af kjarasamningagjöld kr 36,355, 21 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 1,576,908, sem eru aðallega afborganir af snyrtihúsum.



Heimsókn skógfræðinema frá Hvanneyri í Vaglaskóg

#### **12.4. Annað**

Nokkrir hópar komu í heimsókn á árinu m.a. nemendur á Hvanneyri með Bjarna Diðrikssyni og fulltrúar á ráðstefnu um fornleifar í skógum, sem haldin var í Stórutjarnarskóla. Nokkrir skólar komu með nemendur sína til að kynna sér starfsemina á Vöglum.

Þórarinn Benedikz kom vegna yfirferðar um tilraunir í skóglendum SR.

Bæklingurinn um Vaglaskóg kom loks út á árinu.

Lokið var við umhirðu- og nýtingaráætlun fyrir Vaglaskóg, sem unnin var af Rúnari Ísleifssyni.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

8. janúar 2008

Sigurður Skúlason, skógarvörður